



127. fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 23 nóvember 2016 kl.10.00 að Bjarnabraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Kristín Björg Árnadóttir, Rakel Óskarsdóttir, Ása Helgadóttir, Eggert Kjartansson, Árni Hjörleifsson, Hafdís Bjarnadóttir, Eyþór Garðarsson, Hilmar Hallvarðsson Ingveldur Guðmundsdóttir og Valgarður Jónsson. Einnig sátu fundinn Páll S Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV, og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Magnús Smári Snorrason boðaði forföll og varamaður hafði ekki tók á að mæta í hans stað.

Kristín Björg Árnadóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10.00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Framlögð fundargerð frá 126. fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 126. fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Almenningsamgöngur

a. Rekstur almenningsamgangna

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna á rekstrarsvæði SSV fyrstu tíu mánuði ársins 2016. Útlit er fyrir að rekstrarafkoma verði í járnnum í árslok.

b. Breytingar á gjaldskrá almenningsamgangna á landsbyggðinni

Lagt fram minnisblað um mögulegar gjaldskrárbreytingar. Páll fór yfir umræðuna á vettvangi landshlutasamtakanna. Rætt um rekstur á öðrum svæðum og virðist allsstaðar vera þung rekstrarstaða.

Lögð fram tillaga þess efnis að framkvæmdastjóri fái umboð til þess að vinna áfram að breytingum á gjaldskrá almenningsamgangna á landsbyggðinni sem feli í sér eftirfarandi:

- Afsláttarfargjöld verði samræmd þannig að börn, ungmenni, eldri borgarar og öryrkjar borgi sama verð
- Samræmt fargjald verði 60-65% lægra en fullt fargjald sem þýðir að hver miði kosti á bilinu 150-165 kr.
- Tekin verði upp sérstök afsláttarkort fyrir þessa farþegahópa.

Samþykkt.

c. Erindi Hvalfjarðarsveitar um fjölgun ferða

Lagt fram minnisblað um kostnað við að fjölga ferðum á leið 57. SSV fékk erindi frá sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og Ásu Hólmarsdóttur íbúa í Hvalfjarðarsveit, sem var tekið fyrir á síðasta stjórnarfundum SSV. Strætó bs. fór yfir erindið fyrir SSV og veitti ráðgjöf varðandi hvaða möguleikar væru til staðar og hver yrði kostnaðurinn við að fjölga ferðum í samræmi við óskir bréfitara. Ljóst er að kostnaður við verkefnið yrði á bilinu 5 til 10 milljónir eftir útfærslu og fjölda ferða.

Þar sem ljóst er að rekstur almenningsgangna á Vesturlandi leyfir ekki viðbótarkostnað getur stjórn SSV ekki orðið við erindinu. Stjórn samþykkti hins vegar að farið verði í endurskoðun á leið 57 fyrir sumarátætlun 2017 og farþegafjöldi í ferðum skoðaður, staðsetning biðskýla og leiðarkerfið endurmetið.

3. Sóknaráætlun Vesturlands

Lagt fram minnisblað með tillögum að því hvernig rekstrarafgangi menningar- og vaxtarsamnings verði varið. Um er að ræða 10,8 m.kr. frá Menningarráði og 5,7 m.kr frá Vaxtarsamningi Vesturlands. Stjórn Uppbyggingarsjóðs Vesturlands ræddi tvær leiðir til þess að nýta þessa fjármuni á fundi sínum þann 16. nóvember sl.

1. Leið A gengur út á að úthluta þessu fjármagni í gegnum Uppbyggingarsjóð á árinu 2017.
2. Leið B gengur út á öndvegisstyrki. Þá yrði þessu fjármagni úthlutað til Uppbyggingarsjóðs sem myndi síðan veita 2 til 4 öndvegisstyrki til aðila á Vesturlandi. Þessir styrkir yrðu því mun ríflegri en þeir styrkir sem veittir eru úr sjóðnum.

Rætt um tillögurnar og reifaði Rakei Óskarsdóttir fund Uppbyggingarsjóðs og þörf fyrir hærri styrki til verkefna. Stjórn samþykkti að fara leið B og nýta uppsafnað eigið fé menningar- og vaxtarsamnings til að veita öndvegisstyrki á árinu 2017.

Framkvæmdastjóri fór yfir áhersluverkefni. Drög hafa verið lögð að fjórum áhersluverkefnum fyrir árið 2017. Vinnuheiti þeirra eru:

- Nýsköpun, frumkvöðlar og tæknimenntun á Vesturlandi
- Efling ferðapjónustu á Vesturlandi
- Matarlandið Vesturland
- Efling menningar

Páll fór yfir tillögur að útfærslu verkefnanna en starfsmenn SSV hafa unnið að þeim. Fundarmenn veltu því fyrir sér hvort verið sé að dreifa þessu fjármagni of víða. Sérstök ánægja kom fram með Tæknimessudaginn í FVA og eindreginn vilji að endurtaka það verkefni. Snæfellingar töldu að samráð við Svæðisgarð á Snæfellsnesi geti auðveldað vinnu að mótun verkefnanna um Eflingu ferðapjónustu og Matarlandið Vesturland þar sem mikil áhersla er lögð á þessa þætti þar.

Niðurstaðan var að fela framkvæmdastjóra að fara betur ofaní fjárveitingar á milli einstakra liða og hafa samráð við Svæðisgarðinn um mótun verkefna um ferðapjónustu og matvælaframleiðslu. Framkvæmdastjóri mun senda út endurskoðaðar tillögur.

4. Samgönguáætlun

Lagðar fram umsagnir sveitarfélaga á Vesturlandi við tillögu að samgönguáætlun, borist hafa umsagnir frá öllum sveitarfélögum á Vesturlandi. Umsagnirnar voru ræddar og framkvæmdastjóra falið með hliðsjón af umræðu stjórnar að skrifa þær inn í tillögu að samgönguáætlun sem lögð var fram á Haustþing SSV 2016. Í umræðu kom fram að almennt

ríki ánægja með það að Vestlendingar hafi sameinast um stefnu í samgöngumálum til lengri tíma og mikilvægt sé að góð sátt ríki um áætlunina.

5. Málefni fatlaðra

Rætt um vinnu við endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi í málefnum fatlaðra. Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit annars vegar svo og Snæfellingar hins vegar hafa sótt um að verða sérstakt þjónustusvæði í málefnum fatlaðra. Velferðarráðuneytið hefur erindin til umfjöllunar en ekki hefur borist svar ennþá.

Framkvæmdastjóri kynnti að þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Vesturlandi muni fá aukafjárveitingu á árinu 2016, en eftir er að skipta henni á milli félagsþjónustusvæða.

6. Erindi frá Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppi varðandi fjarskiptamál

Framlögð umsókn frá Borgarbyggð sem og Dalabyggð þar sem sótt er um styrk úr verkefninu „Efling fjarskipta og gagnaflutninga á Vesturlandi“ til að hanna ljósleiðarakerfi í dreifbýli Borgarbyggðar. Einnig kom fram að framkvæmdastjóri og oddviti Skorradalshrepps hafa átt viðræður um mögulega stuðning úr verkefninu til ljósleiðaravæðingar í hreppnum. Með hliðsjón af bókun stjórnar SSV frá fundi 30.06 2015 var lagt til að Borgarbyggð fái 2 millj. kr. Dalabyggð 2 millj. kr. og Skorradalshreppur 1 millj. kr. Samþykkt samhljóða.

7. Ráðning atvinnuráðgjafa

Lögð fram tillaga um ráðningu atvinnuráðgjafa hjá SSV. Starfið var auglýst í byrjun október og sóttu 28 aðilar um starfið. Hagvangur hefur haldið utan um ferlið og veitt ráðgjöf. Tíu aðilar uppfylltu hæfniskröfur og voru tekin forviðtöl við þá. Í framhaldinu voru fjórir valdir til frekari viðræðna. Niðurstaða úr ráðningarferli er sú að leggja til að Ólöf Guðmundsdóttir verði ráðin starfið.

Stjórn samþykkti tillöguna samhljóða. Rakel og Valgarður lögðu fram eftirfarandi bókun:

Við undirrituð, fulltrúar Akraneskaupstaðar í stjórn SSV, samþykkjum ráðningu Ólafar Guðmundsdóttur í starf atvinnuráðgjafa og óskum henni til hamingju með starfið. Um leið viljum við ítreka við stjórn SSV þá ósk bæjarstjórnar Akraness, að á Akranesi verði starfandi atvinnuráðgjafi á vegum SSV með fasta viðveru, í fullu stöðugildi.

Formanni og framkvæmastjóra falið að ræða við fulltrúa Akraneskaupstaðar um aðstöðu fyrir atvinnuráðgjafa á Akranesi

8. Umsagnir um lagafrumvörp

Rætt um frumvarp til laga um rafrænar þinglýsingar, en frumvarpið gerir ráð fyrir því að eitt sýslumannsembætti á landinu sjái um þinglýsingar. Stjórn hvetur sýslumannsembættið á Vesturlandi til að sækjast eftir þessu verkefni. Framkvæmdastjóra falið að koma þeim skilaboðum til Sýslumannsembættisins á Vesturlandi.

9. Stefnumótun SSV

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra varðandi stefnumótun fyrir SSV. Í umræðu um málið kom fram að 12. desember verður haldinn fundur formanna og framkvæmdastjóra

landshlutasamtaka um starfsemi þeirra. Lagt var til að hluti stjórnarfundar SSV í janúar 2017 verði tekin undir umræðu um skipulag og verkefni SSV.

10. Dagur nýsköpunar á Vesturlandi 23 nóvember 2016

Farið yfir dagskrá að Degi nýsköpunar á Vesturlandi og lögð fram tillaga að Nýsköpunarverðlaunum SSV. Stjórn samþykkti að veita TheCave- Víðgelmi í Fljótstungu í Borgarfirði verðlaunin.

11. Tillaga að tímasetningu stjórnarfunda á árinu 2017.

Lögð fram tillaga að dagsetningu stjórnarfunda árið 2017. Tillagan var samþykkt með áorðnum breytingum.

12. Framlögð mál

a. Lagt fram yfirlit frá framkvæmdastjóra um fundi sem hann hefur sótt í október og nóvember.

Framkvæmdastjóri fylgdi yfirliti funda eftir.

b. Breytingar á stjórn SSV

Kristín Björg Árnadóttir, formaður SSV, tilkynnti að hún muni hætta í sveitarstjórn Snæfellsbæjar um áramót og þar með í stjórn SSV. Hún þakkaði stjórnarfólki og starfsmönnum gott samstarf og sagðist yfirgefa skemmtilegt starf. Rakel Óskarsdóttir mun því taka við formannsembætti frá og með næstu áramótum. Varamaður Kristínar í stjórn SSV er Björn Hilmarsson og mun hann taka sæti hennar sem stjórnarmaður í SSV. Stjórnarmenn þökkðu Kristínu gott samstarf og óskuðu henni velfarnar á nýjum vettvangi. Jafnframt var Rakel boðin velcomin í formannsembættið.

Framkvæmdastjóri þakkaði Kristínu samstarfið f.h. starfsmanna SSV.

c. Slökkviliðstörf

Eggert Kjartansson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, vildi koma á framfæri þakklæti til allra þeirra slökkviliða á Vesturlandi sem komu að slökkvistörfum vegna bruna á Miðhrauni. Eggert sagði starfsmenn slökkviliðanna á svæðinu hafa unnið einstaklega vel og væri það þeim hópi að þakka að ekki fór ver. Mikið tjón varð en það náðist samt sem áður að bjarga miklum verðmætum vegna góðrar vinnu og góðs samstarfs slökkviliðanna.

Fundi slitið kl. 12:15.

HBJ